

LÖG

um sérstakan barnabótaauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1986 skal greiða úr ríkissjóði sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1985 sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 2. og 3. gr. laga þessara.

2. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 20 400 kr. með hverju barni.

Barnabótaauki skv. 1. mgr. vegna barna sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarstofn hjónanna tekjuárið 1985 fer fram úr 374 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarstofn hjóna nær 628 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarstofn foreldris tekjuárið 1985 fer fram úr 255 000 kr. uns hann fellur niður er útsvarstofn foreldris nær 510 000 kr.

3. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 275 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn hvors hjóna nær 2 125 000 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattstofn foreldris fer fram úr 1 700 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattstofn foreldris nær 2 550 000 kr.

4. gr.

Um barnabótaauka, þar á meðal um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1986.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.